



**Varðandi:** Starfsdagur á bæjarskrifstofunni

**Málsnúmer:** 1603068

**Dagsetning:** 10. mars 2016

---

**TILLAGA:**

Bæjarráð samþykkir að heimila lokun bæjarskrifstofunnar frá kl. 12:00 -15:30 þann 1. apríl 2016 vegna tiltektardags starfsfólks.

---

**GREINARGERÐ:** Í kjölfar samþykktar bæjarráðs á endurnýjun Microsoft leyfa hjá Akraneskaupstað, þar sem ákveðið var að fara í skýjalausn að fullu, þarf að huga vel að flutningi gagna starfsmanna af drifum og tölvupóstum. Tiltektardagur er hluti af innleiðingarferli skýjalausnarinnar og er mjög mikilvægt að allir starfsmenn geti tekið þátt í þeim degi. Óskað er því eftir að fá heimild bæjarráðs til að loka þjónustuveri kaupstaðarins í hálfan dag, frá kl. 12:00 til 15:30 þann 1. apríl næstkomandi. Ef bæjarráð samþykkir þessa beiðni verður hún auglýst rækilega með góðum fyrirvara, í innanbæjarblöðum, heimasíðu og í þjónustuveri kaupstaðarins.

Árlega er haldinn starfsdagur á bæjarskrifstofunni þar sem farið er í fræðsluferð með starfsmenn. Fyrirhugað er að fara í slíka ferð í vor, nánar tiltekið þann 4. maí. Í því tilviki verður fengin afleysing á skrifstofuna og ekki þörf á að loka bæjarskrifstofunni. Á tiltektardeginum er hinsvegar verið að vinna á öllum starfsstöðvum og því ekki unnt að taka á móti fólki í þjónustuver né svara í síma.

Með vísan til framanritaðs gerir bærarstjóri ofangreinda tillögu.

  
Regína Ásvaldsdóttir

bærarstjóri